

Ed.

415. Frumvarp til laga

[122. mál]

um verkstjóranámskeið.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Árlega skal halda námskeið, ef nægileg þátttaka fæst, til þess að búa menn undir verkstjórarápróf. Námskeiðin skal halda á kostnað ríkissjóðs, undir sömu yfirstjórn og iðnskólarnir. Hvert námskeið skal vera allt að 6 mánuði að meðtöldum próftíma.

2. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðin skulu vera þessi:

- a. Að nemandinn sé fullra 22 ára að aldri.
- b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans.
- c. Að hann hafi óskert mannorð.
- d. Að hann hafi unnið 12 mánuði eða lengur við þá starfsgrein, sem hann vill taka verkstjórarápróf í, og hafi auk þess verið flokksstjóri eða aðstoðarverkstjóri í sömu starfsgrein 4 mánuði eða lengur.
- e. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða tilsvareandi inntökuprófi.

3. gr.

Próf skulu haldin að afloknum námstíma. Verkstjórar með prófi og verkstjórar þeir, sem starfandi eru og starfað hafa sem verkstjórar, ganga fyrir öðrum um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu.

4. gr.

Með reglugerð skal setja ákvæði um það, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennsla og prófum skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennsla og undirbúningi lýtur.

5. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórarápróf, fær skirteini um það á eyðublaði, sem ráðuneytið gefur út. Á skirteininu skal geta þeirra kennslugreina, sem próftaki hefur verið reyndur í, og tilgreina (með tölum) þær einkunnir, sem hann hefur hlotið. Einnig skal tilgreina þá lægstu einkunn, sem þarf til að standast prófið, og þá hæstu, sem hægt er að öðlast. Allir prófnefndarmenn skulu undirrita skirteinið, og sömu leiðis forstöðumaður námskeiðanna.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum próftaka, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem til þess eru ætlaðar. Bækur þessar skulu geymdar þar, sem ráðuneytið ákveður.

Allir prófnefndarmenn og forstöðumaður námskeiðanna staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

6. gr.

Rétt er að fela Iðnskólanum í Reykjavík að sjá um þessi námskeið, og skulu þau verða deild í þeim skóla jafnskjótt og því verður við komið.

7. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til ráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.